

Aðalfundur Íslandssjóða hf.

13. apríl 2016, kl. 16:00

Ráðagerði, Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík

Fundargerð aðalfundar Íslandssjóða hf. 13. apríl 2016. Fundurinn var haldinn í Ráðagerði, að Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík. Fundur settur kl. 16:00.

Setning fundar og kjör fundarstjóra

Steinunn Bjarnadóttir, stjórnarformaður Íslandssjóða hf., setti fundinn kl. 16:00. Steinunn bauð hluthafa og gesti velkomna á aðalfund Íslandssjóða hf. og lagði til að Rut Gunnarsdóttir, regluvörður Íslandsbanka hf. og Íslandssjóða hf., yrði kjörinn fundarstjóri. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tillögu og var hún samþykkt samhljóða. Fundarstjóri þakkaði fyrir traustið sem honum væri sýnt og gekk til dagskrár.

I. Kosning fundarritara

Gerð var tillaga um að Birgir Ottó Hillers, lögfræðingur hjá Íslandssjóðum hf., sjái um fundarritun og var það samþykkt samhljóða.

II. Lögmæti fundarins

Fundarstjóri tók fram að til fundar hefði verið boðað með löglegum hætti, með 14 daga fyrirvara og það væri í samræmi við 7. gr. samþykktu félagsins. Á fundinn væru mættir fulltrúar hluthafa sem fara samanlagt með 100% hlutfjár í félaginu. Fundurinn væri því lögmætur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

III. Boðuð dagskrá

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2015
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar
5. Tillögur um breytingar á samþykktum lagðar fram til samþykktar
6. Kosning stjórnar: Kosning stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
8. Önnur mál löglega fram borin

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár

Fundarstjóri gaf stjórnarformanni orðið og áréttaði að fundargestum yrði gefinn kostur á að koma fram með spurningar að loknu máli bæði stjórnarformanns og framkvæmdastjóra.

Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar síðastliðið starfsár hvað varðar helstu atriði í rekstri Íslandssjóða hf. Samkvæmt rekstarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 532 milljónum króna árið 2015 og eigið fé nam 2.395 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins. Í árslok 2015 voru 25 verðbréfa- og fjárfestingasjóðir í rekstri og stýringu hjá félaginu og hrein eign þeirra nam 126.628 milljónum króna. Á árinu 2015 voru 7 fjárfestingarsjóðir stofnaðir en það eru IS Sértryggður sjóður og IS Sértryggður VTR sjóður ásamt IS Einkasöfnum A-E. Þá fór stjórnarformaður yfir stjórnarhætti félagsins en vandaðir stjórnarhættir, gagnsæi í vinnubrögðum og traust viðskiptavina hefur verið kappsmál stjórnar og starfsmanna Íslandssjóða hf. Á árinu 2015 samþykkti stjórn félagsins m.a. stefnu um samfélagslega ábyrgð, stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, áætlun um nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundum félaga sem sjóðir í rekstri félagsins eiga hlut í, auk þess sem stefna varðandi hagsmunaárekstra var uppfærð. Jafnframt greindi stjórnarformaður frá að Íslandssjóðum hf. ber að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti og skýra frávik frá þeim en samkvæmt grein 1.5 í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að hluthafafundur skuli skipa svokallaða tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð. Hluthafar Íslandssjóða hf., sem og stjórn félagsins, telja ekki ástæðu til að skipa slíka nefnd, þar sem aðaleigandinn hefur heildaryfirsýn yfir framboð til stjórnar og samsetningu stjórnar. Því næst upplýsti stjórnarformaður að viðurkenning sem Íslandssjóðum hf. var veitt árið 2013, um að vera fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum, var endurnýjuð í mars 2016. Að lokum greindi stjórnarformaður frá að hann hafi setið í stjórn Íslandssjóða frá aðalfundi árið 2009 og að fyrsta verkefni nýrrar stjórnar hafi verið að byggja upp traust á félaginu og sjóðafyrirkomulaginu í kjölfar bankahrunsins. Um krefjandi verkefni hafi verið að ræða sem að hans mati hafi tekist ágætlega upp og mikilvægt að ný stjórn haldi áfram á þeirri braut. Stjórnarformaður þakkaði meðstjórnendum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum Íslandssjóða hf. fyrir gott samstarf í gegnum árin. Einnig var móðurfélaginu og helstu samstarfsaðilum innan þess þakkað fyrir samvinnuna í gegnum tíðina en það eru VÍB, reikningshald sjóða, innri endurskoðun og regluvarsla.

Fundarstjóri þakkaði stjórnarformanni fyrir greinargóða yfirferð og gaf Haraldi Erni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf., orðið.

Framkvæmdastjóri tók því næst til máls og fór yfir þann hluta skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins sl. starfsár hvað varðar ársreikning félagsins, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs; og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða sem voru í rekstri félagsins. Greindi framkvæmdastjóri frá tölum um nafnávöxtun sjóða í rekstri félagsins á árinu 2015 og að hann ásamt starfsmönnum væru stolt af árangrinum. Því næst var sagt frá hvað hefði einkennt innlendan skuldabréfa- og hlutabréfamarkað á árinu 2015. Að því loknu var farið stuttlega yfir starfsemi fagfjárfestingsjóða í rekstri Íslandssjóða og stöðu sérhæfðra fjárfestinga á árinu 2015. Framkvæmdastjóri tók fram að rekstur Íslandssjóða hafi gengið mjög vel á liðnu ári en hagnaður félagsins er sá mesti síðan 2008. Framundan er áframhaldandi uppbygging sjóða í rekstri félagsins auk þess sem lögð verður áhersla á að þróa frekara framboð af sérhæfðum fjárfestingum þar sem styrkleikar félagsins verða nýttir til hagsbóta fyrir viðskiptavinum. Að lokum

kom framkvæmdastjóri því á framfæri að það hafi verið einstaklega ánægjulegt að starfa með stjórn félagsins og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum, Steinunni Bjarnadóttur og Ernu Eiríksdóttur, sérstaklega fyrir samstarfið.

Fundarstjóri þakkaði framkvæmdastjóra fyrir sitt erindi og gaf orðið laust. Engin tók til máls um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.

2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Fundarstjóri bar ársreikning Íslandssjóða hf. upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2015

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn.

Stjórn Íslandssjóða hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði út arður að fjárhæð 399 milljónir króna vegna reikningsársins 2015, sem samsvarar um 75% af hagnaði ársins.

Þá leggur stjórn félagsins til að hagnaður þess eftir arðgreiðslu verði færður á óráðstafað eigið fé.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að aðalfundur samþykki breytingar á starfskjarastefnu félagsins sem samþykktar voru á fundi stjórnar 14. mars 2016. Starfskjarastefnan er svohljóðandi:

„STARFSKJARASTEFNA

Íslandssjóða hf.

1. gr. Tilgangur

1.1 Starfskjarastefna Íslandssjóða hf. miðar að því að félagið sé samkeppnishæft í ráðningum og geti haldið í gott starfsfólk og stuðli að því að gera félagið að eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna félagsins. Starfskjarastefnan er sett á grundvelli 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og tekur mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

1.2 Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð tveimur stjórnarmönnum.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

2.1 Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins, svo sem kveðið er á um í 79. gr. a) laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

2.2 Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra

3.1 Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra. Kjör hans skulu vera samkeppnishæf og taka mið af m.a. starfsskyldum, ábyrgð, árangri, menntun og fyrri reynslu.

3.2 Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningum ásamt greiðslum í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

3.3 Við gerð ráðningarsamnings framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. gr. Viðbótar starfskjör

4.1 Stjórn er heimilt að samþykkja tillögu starfskjaranefndar um að umbuna stjórnendum og starfsmönnum félagsins til viðbótar grunnlaunum, sem sett eru fram í ráðningarsamningi, í formi árangurstengdra greiðslna sem byggðar eru á fyrirfram skilgreindum mælikvörðum.

4.2 Nýti stjórn félagsins framangreinda heimild skal komið á fót sérstöku árangurskerfi og skulu greiðslurnar miðast við rekstrarafkomu félagsins, einstakra rekstrareininga og frammistöðu starfsmanns. Árangurskerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármála fyrirtækja nr. 700/2011 og við 57. gr. a) laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og skal árangurskerfið lagt fyrir hluthafafund til samþykktar.

5. gr. Upplýsingagjöf

5.1 Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Upplýsa skal um heildarjárhæð greiddra launa og fríðinda til hvers og eins stjórnarmanns og framkvæmdastjóra á árinu og launa frá fyrra ári. Auk þess skal stjórn félagsins gefa skýrslu á aðalfundi um árangur starfskjarastefnu síðasta árs.

5.2 Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

6. gr. Aðrir starfsmenn

6.1 Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skal framkvæmdastjóri taka mið af ákvæðum stefnu þessarar eftir því sem við á.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

7.1 Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á hverjum aðalfundi og skal hún og borin undir hann til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Ef stjórn félagsins vikir frá starfskjarastefnunni, skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsins. Stjórn félagsins skal greina frá frávikum og ástæðum þeirra á næsta aðalfundi félagsins.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins

Fundarstjóri lagði fram tillögur stjórnar við aðalfund um að aðalfundur samþykki breytingar á samþykktum félagsins sem samþykktar voru á fundi stjórnar 14. mars 2016. Breytingarnar eru eftirfarandi:

2. mgr. 8. gr. mun vera svohljóðandi: „Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi og á hvaða tungumáli fundurinn mun fara fram, sem og tungumál fundargagna.“

6. tölul. 10. gr. mun vera svohljóðandi: „Stjórnarformaður og varaformaður stjórnar skulu kjörnir.“

1. mgr. 12. gr. mun vera svohljóðandi: „Stjórnin setur sér starfsreglur sem kveða nánar á um framkvæmd starfa hennar.“

3. tölul. 13. gr. mun vera svohljóðandi: „Að hafa með höndum ráðningu og starfslok framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans“.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

6. Kosning stjórnar: Kosning stjórnarformanns, varaformanns og meðstjórnenda

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim aðilum sem gefið hafa kost á sér til setu í stjórn félagsins og varastjórn.

Í aðalstjórn félagsins:

Bolli Héðinsson
Jensína Kristín Böðvarsdóttir
Kristján Björgvinsson
Tanya Zharov

Í varastjórn félagsins:

Jón Eðvald Malmquist
Kristrún Auður Viðarsdóttir

Stjórnin var sjálfkjörin þar sem ekki bárust aðrar tillögur um stjórnarmenn og engin mótframboð komu fram.

Tanya Zharov var kjörin stjórnarformaður og Kristján Björgvinsson var kjörinn varaformaður.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar við aðalfund fyrir fundinn um að aðalfundur samþykki að þóknun til hvers stjórnarmanns verði eftirfarandi:

Þóknun til hvers stjórnarmanns verði kr. 225.000 á mánuði, stjórnarformaður fái greidd kr. 450.000 á mánuði og að varamenn fái 90.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Í framhaldinu lagði fundarstjóri fram tillögu stjórnar við aðalfund um að varamenn fái greitt fyrir einn stjórnarfund í upphafi starfsárs óháð mætingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lagði því næst fram tillögu stjórnar við aðalfund um að aðalfundur samþykki að þóknun til endurskoðunarnefndar verði eftirfarandi:

Þóknun til hvers nefndarmanns verði kr. 175.000 á ári og formaður fái kr. 220.000 á ári.

Fundarstjóri lagði að lokum fram tillögu stjórnar við aðalfund um að aðalfundur samþykki að þóknun til hvers nefndarmanns starfskjaranefndar verði kr. 90.000 á ári.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

8. Önnur mál

Fundarstjóri benti á að endurskoðunarfyrtækið Ernst & Young ehf. hafi verið kosið sem endurskoðandi Íslandssjóða hf. til fimm ára á síðasta aðalfundi og því hafi ekki verið tilefni til að hafa kosningu endurskoðanda á dagskrá þessa aðalfundar.

Fundarstjóri spurði því næst hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VÍB sem fer jafnframt með eignarhlut Íslandsbanka hf. í félaginu, óskaði eftir að fá að taka til máls. Elín byrjaði á að þakka fráfarandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf á krefjandi tímum. Landslagið hafi breyst frá því að þær tóku sæti í stjórn árið 2009 en þá voru fleiri sjóðir í slitameðferð heldur en í rekstri. Þær geti því verið stolt af þeim árangri sem hefur náðst hjá félaginu á liðnum árum. Þá benti Elín á að samkeppnisstaðan í sjóðaumhverfinu sé að breytast og tók sem dæmi að erlendis sé innflæði í lággjaldavísitölusjóði að aukast á sama tíma og innflæði í verðbréfasjóði með virka stýringu sé að minnka. Því sé nauðsynlegt að vinna að þróun frekara framboðs af sjóðum og sérhæfðum fjárfestingum fyrir viðskiptavinum líkt og getið var um í yfirferð um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra. Einnig upplýsti Elín um að af hálfu móðurfélagsins sé verið að vinna að eigendastefnu fyrir Íslandssjóði hf. sem er langt á veg komin. Að lokum bauð Elín nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka hf., tók einnig til máls og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og afhenti þeim kveðjugjafir. Að lokum óskaði Birna nýrri stjórn til hamingju með kjörið.

Fleiri mál voru ekki borin upp.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í samráði við fundarritara og sagði fundarstjóri aðalfundi Íslandssjóða hf. árið 2016 slitið kl. 16:55.

Reykjavík, 13. apríl 2016

Birgir Ottó Hillers

Rut Gunnarsdóttir